



## Sjálfböðastörf á Íslandi Þróun og rannsóknir

Steinunn Hrafnadóttir  
Lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

Skilgreiningar og rannsóknir á eðli og umfangi sjálfböðastarfa hafa aukist mikið á undanföllum árum. Á Íslandi er þetta rannsóknarsvið svo til ómótað. Í greininni er fjallað um skilgreiningar á sjálfböðastarfi og frjálsum félagasamtökum. Söguleg þróun sjálfböðastarfa á Íslandi er rakin. Ennfremur eru tengsl félagsráðgjafar við Háskóla Íslands við þetta rannsóknarsvið tekin til umfjöllunar. Gefið er yfirlit yfir þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hérlandis á umfangi sjálfböðastarfa og samanburður gerður við alþjóðarannsóknir. Helstu niðurstöður greinarinnar eru að umfang sjálfböðastarfa og mikilvægi þeirra sé svipað og á hinum Norðurlöndunum en að Ísland hafi einnig sín sérkenni sem eru samofin sögu okkar og menningu.

### Þróun erlendis

Á undanföllum árum hafa rannsóknir og áhugi á frjálsum félagasamtökum og sjálfböðastarfi aukist. Þessa þróun má meðal annars rekja til þess að ríki heims hafa þurft að takast á við ný og krefjandi viðfangsefni sem fylgja aukinni alþjóðavæðingu og vaxandi álagi á efnahagslífið. Mikið hefur verið rætt um kreppu velferðarríkisins í Norður-Evrópu allt frá 1980 (Wijkström og Lundström, 2002; Eikas, 2001) og lögð hefur verið áhersla á aukinn sparnað og endurskipulagningu í opinberri þjónustu. Spurt hefur verið hvort velferðarkerfið geti annað eftirspurn eftir aukinni þjónustu og hvort það sé hlutverk þess að sinna henni (Salamon, Sokolowski og Anheier, 2000). Nýrra leiða hefur verið leitað til að gera opinbera þjónustu skilvirkari meðal annars með því að taka upp stjórnunaraðferðir einkarekstrar í opinberum rekstri (Salomon et al. 2000). Það má nefna að fjöldi frjálsra félagasamtaka hefur vaxið á undanföllum árum (Anheier, 2003). Samkvæmt Salamon (2001) eru nokkrar skýringar á því. Meðal annars nefnir hann að það hafi að hluta átt sér stað vegna vantrúar fólks á því að hið opinbera geti eitt síns liðs ráðið við öll þau félagslegu, umhverfislegu og þróunarlegu vandamál sem upp koma meðal þjóða heims. Einnig hafi

tækni- og upplýsingabyltingin haft áhrif og aukinn fjöldi vel menntaðs millistéttarfólks hafi fundið fyrir skorti á leiðum til að tjá sig um ólík pólitísk, félagsleg og efnahagsleg mál. Í Suður-Evrópu hafi fólk orðið fyrir vonbrigðum með þróun ríkisrekinnar velferðarþjónustu og hrun kommúnismans í Austur- og Mið-Evrópu hafi vakið upp ýmsar spurningar um lýðræðisþróun. Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið hafa hvatt til aukinnar samvinnu stjórnvalda við frjáls félagasamtök og bent á mikilvægi þess að þau komi að stefnumótun, áætlanagerð og framkvæmd velferðarmála (Communication from the Commission on Promoting the Role of Voluntary organizations and Foundations in Europe, 2004; Cardoso, 2003). Stjórnmalaleiðtogar í ýmsum löndum hafa á undanföllum árum leitað nýrra leiða til að sameina kosti markaðarins og opinberrar þjónustu. Þar má nefna hina svokölluðu þriðju leið Tony Blairs í Bretlandi (Anheier, 2003) þar sem litið er til frjálsra félagasamtaka sem nokkurs konar milliliðs milli ríkis og almennings til eflingar lýðræðinu (civil society).

Slík samtök hafa oft á tíðum nánari tengsl við borgarana og eru sveigjanlegri en stórar reglulegdisstofnanir og geta oft fundið nýjar lausnir á ýmsum vanda. Á þann hátt hafa frjáls

félagasamtök komið að gagni við þjónustu og vinna að hagsmunum og réttindum hópa auk þess við að koma á tengslanetum milli fólks. Slík samtök auðvelda almenningi að vera virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Athygli stjórnvalda, fjölmiðla, almennings og fræðafólks hefur því í auknum mæli beinst að starfsemi frjálsra félagasamtaka og sjálfbodastarfa (Salamon, o. fl. 1999, Bundesen, Henriksen og Jørgensen, 2001, Habermann, 2001).

Á Íslandi hefur opinber umræða um frjáls félagasamtök og sjálfbodastarf verið fremur lítil og fáar rannsóknir hafa verið gerðar á slíkri starfsemi. Markmið þessarar greinar er að fjalla um skilgreiningar á frjálsum félagasamtökum og sjálfbodastörfum, sögu sjálfbodastarfa á Íslandi og þróun þessa þekkingar- og rannsóknarsviðs hérlandis.

## Erlendar skilgreiningar

Í fræðiritum og rannsóknum um frjáls félagasamtök og sjálfbodastörf eru skilgreiningar á þessu sviði nokkuð ólíkar. Fræðimenn eins og Kendall og Knapp (1995), Hall og Banting (2000) og Salamon og Anheier (1996) hafa með ólíkum hætti reynt að fanga hinn flókna heim skilgreininga á frjálsum félagasamtökum og sjálfbodastarfi. Hafa þeir og fleiri reynt að skilgreina sviðið með því að fjalla um hlutverk frjálsra félagasamtaka í þjóðfélaginu, hver eru einkenni þeirra og hvernig þau eru skipulögð. Erlendis hafa rannsakendur bent á nauðsyn þess að finna sameiginlegar skilgreiningar á þessu samfélagsfyrirbæri svo að unnt sé að gera alþjóðlegar samanburðarrannsóknir á sviðinu. (Salamon og Anheier, 1996). Nokkuð hefur reynt erfitt að skilgreina þetta víðfeðma svið, en þó verður hér á eftir fjallað stuttlega um helstu skilgreiningar og hugtök. Hugtök eins og þriðji geirinn, hugsjónasamtök, stofnanir sem hafa ekki hagnað að markmiði (Non-profit organizations), *non-governmental* stofnanir, óháði geirinn, sjálfbodageirinn og sjálfbodastofnanir eru dæmi um hugtök sem notuð eru til að lýsa starfsemi frjálsra félagasamtaka. Ólíkir höfundar nota hugtökin

á mismunandi hátt og fer það bæði eftir viðtekinni venju í hverju landi, og skoðunum viðkomandi fræðafólks. Þó er það sammerkt með skilgreiningum að verið er að gera tilraun til að lýsa starfsemi sem hvorki tilheyrir opinberum rekstri né einkarekstri (Hall og Banting, 2000; Udvalget om frivilligt socialt arbejde, 1997).

Hall og Banting (2000) nefna að nokkur blæbrigðamunur sé á hugtakanotkun milli landa. Sem dæmi er nefnt að hugtakið án hagnaðar (Non-profit) vísi til þess að markmið slíkrar starfsemi sé ekki hagnaður. Þá er sviðið nefnt *Non-profit sector*. Þetta hugtak er mikið notað í Norður-Ameríku, en hefur verið gagnrýnt vegna þess að skilgreiningin felur í sér eitthvað sem einkennir ekki slíkar stofnanir, í staðinn fyrir að nota skilgreiningu sem lýsir eiginleikum starfseminnar. Því má segja að það sé að mörgu leyti of takmarkandi að nota eingöngu þetta hugtak yfir sviðið því ekkert er þá fjallað um hlutverk starfseminnar. Þrátt fyrir þá gagnrýni má nefna að í *Handbook on Non-Profit Institutions in the System of National Accounts* (2003) sem Sameinuðu þjóðirnar gefa út er hugtakið *Non-profit* notað til að skilgreina starfsemi sem hefur ekki hagnað að markmiði. Í skjölum Organisation for Economic Co-operation and Development (OECD) er hugtakið *Non-Profit* notað á sama hátt og hjá Sameinuðu þjóðunum (The Non-profit Sector in a Changing Economy, 2003). Er þá verið að fjalla um starfsemi svo sem líknar- og góðgerðarféлага, íþróttaféлага, fagféлага, háskóla og sjúkrahúsa. Reyndin er sú að það getur farið eftir löndum og sögu þeirra hvort ákveðin starfsemi er flokkuð undir stofnanir sem hafa ekki hagnað að markmiði (Anheier, 2003).

Hugtakið þriðji geirinn er yfirleitt notað með svipaðri merkingu og starfsemi rekin án hagnaðarmarkmiðs (Non-profit). Það er þó örlítið takmarkaðra en hugtakið án hagnaðar (Non-profit) þar sem það útilokar einkarekstur og samvinnufélög (co-operatives). Með þessu hugtaki er athyglinni beint að sérstöðu þessa sviðs og því hversu ólíkt það er opinberri

og einkarekinni atvinnustarfsemi. Lögð er áhersla á að starfsemi, sem fellur undir þriðja geirann, hafi ákveðin félagsleg markmið og að fjármögnun geti verið frá ríki, sveitarfélagi og einkaaðilum. Samkvæmt þessari skilgreiningu er ríkið fyrsti geirinn, viðskiptalífið annar og frjáls félagasamtök eru þriðji geirinn. Sumir gagnrýnendur þessa hugtaks hafa bent á að hætta geti skapast á að allri starfsemi sem erfitt er að skilgreina annaðhvort sem opinbera eða einkastarfsemi, verði skipað undir þennan hatt og aðrir telja að erfitt sé að skilgreina mörk þriðja geirans (Anheier, 2003).

Í Bretlandi er hugtakið sjálfböðageirinn (*voluntary sector*) og sjálfböðastofnanir (*voluntary organizations*) mikið notað (Kendall og Knapp, 1995). Hugtakið sjálfböðageirinn er þá yfirhugtak allra frjálsra félagasamtaka og nær einnig til starfsemi þeirra og vinnu sjálfböðaliða (Blennerger, 1993).

Þeir sem hafa gagnrýnt hugtakið og noktun þess benda á að það geti falið í sér að viðkomandi samtök séu eingöngu rekin af sjálfböðaliðum, en það sé alls ekki raunin í nútímaþjóðfélagi (Hall og Banting, 2002). Þrátt fyrir þessa gagnrýni þá má segja að þessu hugtaki sé ætlað að lýsa hugsuninni á bak við samtökin, það er að þau byggi að einhverju leyti á sjálfböðastarfi.

Líknarfélög eða góðgerðarfélög (Charities) eru hópur innan frjálsra félagasamtaka. Flest þessara félaga inna af hendi samfélagslega þjónustu við fólk sem á tímabundið eða um lengri tíma undir högg að sækja vegna veikinda, fátæktar, eða annarra aðstæðna. Slík félög eru rekin í almannabágu, og eru eingöngu stofnuð í þeim tilgangi að sinna góðgerðarstarfi (Anheier, 2003). Hér má nefna Rauða krossinn sem dæmi.

Á Norðurlöndum eru orðin frivillighed, frivilligt arbejde, frivillig organisation og frivillig sektor oft notuð (Henriksen og Ibsen, 2001; Lundström og Wijkström, 1997). Þá er lögð áhersla á að fólk taki þátt í slíkum félagskap af fúsum og frjálsum vilja. Einnig er hugtakið frivilligt socialt arbejde notað yfir starfsemi frjálsra félagasamtaka innan

félags- og heilbrigðisviðs. Þar er átt við samtök sem hafa það að markmiði sínu að vinna að ýmsum velferðarmálum (Udvalget om frivilligt socialt arbejde, 1997). Þetta hugtak hefur svipaða merkingu og líknar- og góðgerðarfélag (charity). Einnig eru hugtökin þriðji geirinn (tredje sector) og ideella sektorn notuð (Wijkström og Lundström, 2002).

Pegar fjallað er um frjáls félagasamtök er einnig nauðsynlegt að skilgreina hugtökin sjálfböðaliði og sjálfböðastarf vegna þess að vinna sjálfböðaliða er oft hluti af starfsemi frjálsra félagasamtaka.

Habermann (2001) skilgreinir sjálfböðaliða sem einstakling sem leggur fram vinnu sína af fúsum og frjálsum vilja í þágu meðborgara sinna eða þjóðfélagsins án þess að þiggja laun fyrir, en sjálfböðastarf sem einstaklingsbundið ólaunað framlag sem hefur visst formlegt skipulag og er utan við nánustu fjölskyldu. Sjálfböðastörfin geta verið margvísleg svo sem seta í stjórnun og nefndum, laun afmarkaðra verkefna og sérfræðisþjónusta og ráðgjöf. Ljóst má vera af ofangreindri umfjöllun að ólík hugtök eru notuð til að lýsa þessu sviði. Fræðimenn hafa bent á að þar sem frjáls félagasamtök eru svo margbreytileg þá sé erfitt að nota eitt hugtak yfir allt sviðið (Lundström & Wijkström, 1997; Wijkström & Lundström, 2002).

Þrátt fyrir þetta má segja að nokkur sátt sé um það hjá rannsakendum og stefnumótunaraðilum (Sjá til dæmis Communication from the Commission on promoting the role of voluntary organizations and foundations in Europe, 2004; Salamon og Anheier, 1996) hvaða einkenni eru sameiginleg með samtökum sem falla undir sviðið.

Margir þeirra hafa notað alþjóðlegt skilgreiningakerfi (International Classification of Nonprofit Organization. ICNPO) sem þróað var af *John Hopkins Center for Civil Society Studies* til að geta borið saman starfsemina í ólíkum löndum.

Til þess að tilheyra flokkunarkerfinu þarf starfsemin að uppfylla eftirfarandi fimm skilyrði.

- A) Hún verður að hafa einhverja formlega stjórnskipan, til dæmis formlegar eða óformlegar reglur sem skilgreina markmið hennar, verkefni og framlag.
- B) Hún stjórnar málum sínum að mestu sjálf (self-governing).
- C) Hún hefur ekki hagnað að markmiði. Ef um hagnað er að ræða er honum ekki dreift til hluthafa, félaga, starfsmanna eða eigenda, heldur rennur til starfseminnar.
- D) Hún starfar utan hins opinbera. Hún er til dæmis ekki hluti af einhverri opinberri stofnun.
- E) Hún er sjálfböðin. Hún byggir á frjálsri félagsaðild og er að einhverju leyti byggð á sjálfböðastarfi og fjárhagslegum framlögum frá einstaklingum (Salamon og Sokolowski, 2001).

1. tafla

Sjálfböðasamtök sem unnið var fyrir á s.l. 12 mánuðum	%
Íþróttafélög	18,0 %
Foreldrafélög/skólar	14,5 %
Góðgerðar- og líknarfélög	11,0 %
Hjálpar/björgunar/slysavarnarfélög	7,7 %
Kirkjur/trúarhópar	6,9 %
Stjórnmalaflokkar/eða samtök	6,3 %
Verkalýðsfélög/stéttarfélag	5,5 %
Æskulýðsstarf	5,2 %
Áhugahópar um listir og menningamál	5,0 %
Samtök sjúklinga og aðstandenda	4,2 %
Friðarhreyfingar/mannréttindamál eða þróunarhjálp	4,2 %
Umverfis- og náttúruvernd	3,0 %

## Skilgreiningar á Íslandi

Í lögfræðiritum og dómum á Íslandi eru félög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni

kölluð almenn félög, en eru þekktari meðal almennings sem frjáls félagasamtök. Hérlandis er því eins og á hinum Norðurlöndunum lögð áhersla á að fólk taki þátt í slíkum félagskap af fúsum og frjálsum vilja. Í félagarétti eru almenn félög skilgreind sem „skipulagsbundin, varanleg samtök tveggja eða fleiri aðila sem stofnað er til af fúsum og frjálsum vilja með einkaréttarlegum löggerningi í því skyni að vinna að ófjárhagslegum tilgangi“ (Áslaug Björgvinsdóttir, 1999, 67). Þessi félög eru sambærileg við enska hugtakið *non-profit organizations*. Hagfræðiorðasafn Íslenskrar málnefndar (2000, 437) gefur skilgreininguna „stofnun, fyrirtæki eða samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.“

Til almennra félaga teljast meðal annars góðgerðar, mannúðar og líknarfélög, íþróttafélög, menningarfélag, umhverfisverndarsamtök og ýmis hagsmunasamtök eins og stéttarfélag og atvinnu-rekendadasamtök (Áslaug Björgvinsdóttir, 1999). Einnig eru frjáls félagasamtök kölluð sjálfböðasamtök, líknar- og góðgerðarfélög, almannaheiliasamtök og mannúðarfélög. Vert er að benda á að ekki hefur með skipulegum hætti verið fjallað um skilgreiningar á frjálsum félagasamtökum hérlandis og virðist það fara eftir því hver í hlut á hvaða heiti er notað yfir þessa starfsemi.

Samkvæmt Íslenskri orðabók (e.d.) er sjálfböðaliði maður sem býður sig sjálfur fram til einherrar vinnu eða herþjónustu og sjálfböðið starf er starf sjálfböðaliða. Samkvæmt orðabók Háskólans er orðið sjálfböðaliði í fyrsta skipti notað 1898 í Fjallkonunni, líknarfélag er fyrst notað í Morgunblaðinu 1913 og mannúðarfélag 1922. Einnig er orðið sjálfböði að finna í orðabók Háskólans. Sjálfböðasamtök er í fyrsta skipti notað í rituðum heimildum 1961 í Húnavöku og 1980 er sjálfböðafélag notað í Sveitastjórnarmálum. Ekki kemur fram í þessum heimildum hvenær byrjað var að nota orðið frjáls félagasamtök.

Frjáls félagasamtök hafa einnig verið flokkuð í fyrirtækjaskrá Hagstofunnar. Þar er unnt að fá frjáls félagasamtök skráð samkvæmt lögum nr. 62/1969 um fyrirtækjaskrá en þau eru ekki

skráningarskyld. Í árslok 2003 voru skráð um 17 þúsund félagasamtök og sjálfseignarstofnanir í fyrirtækjaskrána. Eru á þessum lista flest þau félög sem hafa verið nefnd frjáls félagasamtök. Samkvæmt fyrirtækjaskránni eru líknarfélög og annað hjálparstarf félagasamtaka flokkuð undir heilbrigðis- og félagsþjónustu. Til þeirrar greinar teljast félög og hjálparstofnanir sem beita sér fyrir samfélagshjálp, líknarstarfi og baráttu við sjúkdóma t.d. Hjálparstofnun kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Krabbameinsfélag Íslands, Samtök íslenskra berklasjúklinga (SÍBS), Hjartavernd, Geðvernd, Samtök aldraðra, Sjálfsbjörg, Öryrkjabandalagið og fleiri. Undir aðra ótalda félagsstarfsemi falla félög sem vinna að málefnum sem horfa til almannaheilla með því að beita fræðslu- og kynningarstarfi, stjórn málaáhrifum, stunda fjáröflun og svo framvegis. Einnig starfsemi félaga sem vinna að alls kyns vernd eða umbótum í samfélaginu og bættum aðstæðum ólíkra hópa. Þar á meðal eru hagsmunafélög svo sem neytendafélög, húseigendafélög, leigjendasamtök, baráttusamtök, foreldrafélög, umhverfisverndarfélög og fleira. Þá eru íþróttafélög og önnur tómstundastarfsemi flokkuð sérstaklega. Undir þennan flokk teljast alls kyns íþróttafélög en einnig starfsemi ýmissa klúbba svo sem skák- og bridsfélaga. Trúfélög og starfsemi fagfélaga eru einnig flokkuð sérstaklega svo og björgunarfélaga. Nokkuð virðist óljóst hvaða félög eru flokkuð sem líknar- og góðgerðarfélög eða undir aðra ótalda félagastarfsemi. Við skoðun á fyrirtækjaskránni er foreldrafélagið, Breið bros, sem er félag foreldra barna með skarð í vör flokkað sem líknarfélag, en áhugamannafélag um Down's heilkenni undir aðra ótalda félagastarfsemi. Brýnt væri að flokka þessi félagasamtök nákvæmar því nokkuð er erfitt að fá yfirsýn yfir hlutverk samtaka sem flokkuð eru í fyrirtækjaskrána.

Ég tel best fara á því að nota orðið frjáls félagasamtök sem yfirhugtak og undir það falla ólík félagasamtök, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og byggjast á frjálsri félagsaðild. Þau verða að vera sjálfstæð og byggja að

einhverju leyti á sjálfbodastarfi. Þetta geta bæði verið félagasamtök, sem berjast fyrir ákveðnum málefnum, en einnig líknar- og góðgerðarfélög, björgunarfélög, menningar- og tómstundafélög.

## Þróun sjálfbodastarfa á Íslandi

Hér á eftir mun verða gefið stutt yfirlit um þróun sjálfbodastarfa á Íslandi. Sérstök áhersla verður lögð á góðgerðarstarfsemi fyrri tíma, en þar liggja hinar sögulegu rætur félagsráðgjafar (Nanna K. Sigurðardóttir, 1991). Frjáls félagasamtök og sjálfbodaliðar hafa haft mikil áhrif á uppbyggingu velferðarþjónustu á Íslandi. Sjálfbodastarf byrjaði að þróast á seinni hluta 19. aldar og byrjað var að stofna ýmis frjáls félagasamtök. Almennur hafði venjulega ekki aðgang að þessum fyrstu félögum, heldur voru það embættismenn og efri stéttamenn sem voru félagar. Það var ekki fyrr en við lok 19. aldar og byrjun þeirrar tuttugustu sem fjöldahreyfingar náðu fótfestu hérlendis eins og góðtemplarareglan, samvinnuhreyfingin, ungmennahreyfingin, verkalýðshreyfingin og kvenfélög. Sum þessara frjálsu félagasamtaka voru hluti alþjóðlegra hreyfinga, eins og góðtemplarareglan, Hvítabandið og Hjalpræðisherinn (Hrefna Róbertsdóttir, 1990; Guðmundur Jónsson, 2001). Flest þau félög sem stofnuð voru á þessum tíma voru menningar, tómstunda og góðgerðar- og líknarfélög. Starfið byggðist á vinnu sjálfbodaliða og lýðræðishugsjónum. Hvað viðvíkur góðgerðar- og líknarfélögum þá voru fjölmörg slík félög stofnuð hérlendis á tímabilinu 1840-1900 sem sinntu málefnum er sveitarfélög og ríki tóku síðar við. Má þar nefna kvenréttindafélög, bindindisfélög, sjúkrasjóði og mannúðarfélög. Starfið í félögunum var unnið í sjálfbodavinnu. Þessi félagasamtök áttu frumkvæði að margvíslegri félags- og heilbrigðisþjónustu í lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar. Frjáls félagasamtök og einstaklingar hófu um svipað leyti að byggja upp ýmiss konar félagsleg úrræði á sviði félagsþjónustu sérstaklega í Reykjavík. Sveinn Ragnarsson (1999) nefnir að allt þar til á

fjórða áratug aldarinnar hafi það verið frjáls félagasamtök sem ráku flestar stofnanir og starfsemi á sviði félags- og heilbrigðismála fyrir utan það sem sérstaklega var kveðið á um í lögum. Þessi starfsemi var mjög margbreytileg og mörg félagasamtök komu að rekstrinum. Þó ber að nefna að það voru fyrst og fremst konur, bæði einstaklingar og samtök þeirra, sem áttu frumkvæði að og byggðu upp félags- og heilbrigðisþjónustu á fyrstu áratugum aldarinnar, fyrir utan þá sem var lögboðin. Ríki og sveitarfélög styrktu þessa starfsemi umtalsvert eða greiddu ákveðið kostnaðarhlutfall (Guðný B. Eydal, Ingibjörg Broddadóttir, Sigurveig H. Sigurðardóttir, Steinunn Hrafnadóttir, 1997; Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997; Steinunn Hrafnadóttir, 2004b). En um hvaða félög var að ræða og hvaða málefni brunnu helst á þeim sem unnu að félagslegum velferðarmálum á þessum tíma? Björg Einarsdóttir (2002) fjallar um sögu góðgerðarfélagsins Hringsins í bók sinni Hringurinn en þar nefnir hún að slæmt ástand heilbrigðismála, lélegt húsnæði og mikil fátækt hafi fengið mörg félagasamtök til að finna sér verkefni á þessu sviði. Má þar til dæmis nefna Góðgerðarfélagið sem stofnað var 1887 og Thorvaldsensfélagið sem eru elstu samtök reykvískra kvenna og eru enn starfandi. Á þessum tíma voru einnig stofnuð mörg kvenfélög. Það fyrsta var kvenfélag Rípuhrepps 1874. Þá má nefna Bindindisfélagið Hvítabandið sem stofnað var fyrir tilstilli Ólafíu Jóhannsdóttur 1895. Þetta var fyrsta kvenfélagið sem átti aðild að alþjóðasamtökum. Kvenfélögin stóðu meðal annars fyrir fata- og fjársöfnunum bæði til aðstoðar innanlands og erlendis. Mörg kvenfélaganna börðust einnig fyrir réttindum kvenna.

Þegar framfærslulög voru sett 1947 tóku ríki og sveitarfélög við mörgum af þessum verkefnum. Þó störfuðu mörg félagasamtök áfram annaðhvort með svipuðum hætti og áður eða í breyttri mynd. Mörgum fannst sú félagslega aðstoð, sem veitt var, af skornum skammti og fannst erfitt að þiggja opinbera aðstoð. Fljótlega voru einnig stofnuð ýmis

hagsmunasamtök sem börðust fyrir réttindum ólíkra hópa. Á 6. áratugnum jókst fjöldi frjálsra félagasamtaka sérstaklega þeirra sem börðust fyrir hagsmunum ýmissa minnihlutahópa eins og fatlaðra og aldraðra. Eftir 1980 þá hefur sjálfbodasamtökum á Íslandi fjölgað, sérstaklega sjálfshjálparhópum og samtökum sjúklinga (Huldís Haraldsdóttir, 1995; Steinunn Hrafnadóttir, 2005a).

Frjáls félagasamtök og sjálfbodastörf hafa því verið mikilvægur hluti velferðarþjónustu á Íslandi, þó að hið opinbera hafi leikið stærra hlutverk eftir að fyrsta félagsmálalöggjöfin tók gildi (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997). Þannig hafa frjáls félagasamtök og sjálfbodastörf ætíð skipt miklu máli fyrir félagslega velferð á Íslandi.

## Tenging rannsóknarsviðsins við félagsráðgjöf

Rannsóknir á sjálfbodastarfi og kenningamyndun hafa verið svo til óþlæggður akur héraendis. En rannsóknum hefur fjölgað og þekking hefur aukist með tilkomu tengingar sviðsins við félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Upphaf tengingar rannsókna við sjálfbodastarfi á Íslandi má rekja til þess að íslenskir félagsráðgjafar tóku þátt í norrænum rannsóknarráðstefnum á níunda áratugnum þar sem umræða og rannsóknir á sjálfbodastörfum voru í forgrunni. Þetta varð hvati að rannsóknasamstarfi og ráðstefnuhaldi á vegum félagsráðgjafar við Háskóla Íslands. Meðal annars var Ísland aðili að þverfaglegu rannsóknasamstarfi FRIA (Nordisk kontaktform för forskning i frivilligt arbete). Einnig voru haldnar tvær norrænar ráðstefnur héraendis á þessu sviði. Fagráðstefna var haldin um sjálfbodastörf og félagsráðgjöf í samvinnu við Rauða kross Íslands og NOPUS og rannsóknarráðstefna var haldin á vegum félagsráðgjafar/félagsvísindadeildar Háskóla Íslands í samstarfi við FRIA (Sjá NOPUS rapport, 1999). Af þessari samvinnu spratt norrænt rannsóknasamstarf um sjálfbodastörf á Norðurlöndunum, þar sem félagsráðgjöf við Háskóla Íslands sá um

Íslenskan hluta rannsóknarinnar. Afrakstur þessa samstarfs var fyrsta bókin sem rituð var á íslensku um rannsóknir, sjálfböðastörf og félagsráðgjöf (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997). Má segja að þessi kynning í íslensku fræðasamfélagi á níunda ártugnum og sú umræða sem þá var hafin hafi rutt hugmyndinni um rannsóknir á sjálfböðastörfum beinni og sýnilegri braut en áður var. Varð þróunin smám saman nægilega öflug til þess að ákveðið var að setja á fót lektorsstarf með stuðningi Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands til þess að byggja upp rannsóknir og kennslu í félagsráðgjöf á sviði sjálfböðastarfa. Nú eru þrjú námskeið á þessu sviði kennd við félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, þar af eitt á meistarastigi í samvinnu við stjórn málafræðiskor. Einnig er unnið að rannsóknnum á umfangi, eðli og skipulagi sjálfböðastarfa á Íslandi og rannsóknasamstarf er hafið að nýju við Norðurlöndin.

## Rannsóknayfirlit

Eins og áður er getið hefur hlutur Íslands í rannsóknnum á sjálfböðastörfum verið fremur rýr, þó að rannsóknnum á þessu sviði sé að vaxa ásmegin. Hér á eftir verður fjallað um þróun rannsókna hérlendis.

Innan sagnfræði og kvennafræða hefur aðallega verið rituð saga ýmissa frjálsra félagasamtaka svo og persónusögur. Af þeim skrifum er ljóst að sjálfböðastörf hafa gegnt mikilvægu hlutverki við uppbyggingu velferðarkerfis á Íslandi (Sjá td. Guðný Eydal, Ingibjörg Broddadóttir, Sigurveig H. Sigurðardóttir og Steinunn Hrafnadóttir, 1997; Steinunn Hrafnadóttir, 2003; Hrefna Róbertsdóttir, 1990; Björg Einarsdóttir, 2002; Margrét Guðmundsdóttir, 1995, 2000; Guðmundur Jónsson, 2001). Einungis hafa verið gerðar örfáar rannsóknir á sjálfböðastörfum. Viðamikil samnorraen rannsókn hefur verið gerð, með þátttöku Íslands, á því hvað liggur að baki vilja fólks til að vinna sjálfböðastörf (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997). Samkvæmt niðurstöðum hennar kom fram að svipaðar forsendur lágu til

grundvallar sjálfböðastarfi hérlendis og á hinum Norðurlöndunum. Íslenska rannsóknin var gerð meðal félaga í Rauða krossinum og félagi eldri borgara. Persónulegt gildismat var veigamesti hvatinn að baki vinnu að sjálfböðastörfum, en eigingjarnar hvatir höfðu minna vægi. Hið sama átti við á hinum Norðurlöndunum (Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir, 1997). Ein BA ritgerð í félagsráðgjöf (Huldís Haraldsdóttir, 1995) hefur verið skrifuð um hlutverk sjálfböðastarfs í þágu félagslegrar velferðar. Þá hefur samburður verið gerður á mannúðastarfi á Íslandi og í Bandaríkjunum um samfélagslega ábyrgð stjórnenda fyrirtækja (Erna Indriðadóttir, 2001). Rannsókn hefur verið gerð á aðgerðum af hálfu almannavarna í jarðskjálftunum á Suðurlandi, en hlutur sjálfböðaliða var þar mikill. Menntamálaráðuneytið hefur einnig látið gera úttekt á þátttöku ungs fólks í félags- og tómtundastarfi og hvernig slík starfsemi var fjármögnuð (Ásthildur Bernharðsdóttir, 2002; Menntamálaráðuneytið, 2003).

Rannsókn var gerð 2003 á framlagi og efnahagslegu mikilvægi sjálfböðastarfa hjá innanlandsdeildum Rauða kross Íslands fyrir árið 2002. Notað var mælitækið VIVA (Volunteer Investment and Value Audit). Niðurstöðurnar leiddu í ljós að hver króna sem kostað er til sjálfböðastarfa tæplega þrefaldaði gildi sitt. Sjálfböðaliðar lögðu af mörkum 66.411 klukkustundir til ýmissa verkefna (Steinunn Hrafnadóttir, 2004a). Einnig hefur verið gerð rannsókn á skattaumhverfi félagasamtaka á Íslandi og í öðrum löndum með sérstöku tilliti til góðgerðarsamtaka (Jónas Guðmundsson, 2004).

Úr lífsgildakönnunum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands (1999) má finna upplýsingar um félagsaðild Íslendinga og þátttöku í sjálfböðastarfi. Rannsóknirnar voru hluti af viðamiklum alþjóðlegum rannsóknnum á lífsgildum þjóða (World Values Survey).

Niðurstöðurnar sýna að á Íslandi er meðaltal félagsaðildar 2,21 og hefur aukist frá árinu 1984 þegar hún var 1,62 og árið 1990 þegar hún var 1,85. Flestir sögðust vera félagar í

Íþrótt- og tómsundafélögum og því næst góðgerðar- og líknarfélögum eru þá ekki talin launþegafélög, stjórnmalaflokkar og kirkju- og trúarsamtök. Til samanburðar má nefna að félagsaðild á hinum Norðurlöndunum 1999 var svipuð og héraendis. Einnig gefur rannsókn Gunnars Helga Kristinssonar (2001) vísbendingar um aðild fólks að félögum. Hann rannsakaði árangur og markmið sveitarfélaga út frá kenningu Putnams um félagsaðild (social capital). Félagsaður er meðal annars metinn eftir þátttöku og framlagi íbúanna til sameiginlegra verkefna, oft til að leysa ákveðin vanda. Á þann hátt er byggt upp gagnkvæmt traust og tengsl sem skila sér til samfélagsins og leiða til betri árangurs í efnahags- og stjórnmalum. Þátttaka í félögum er eitt einkenni félagsaðs auk áhuga á opinberum malum og trausts í samskiptum. Ekki verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar hér, nema hvað varðar þátttöku í félögum. Spurt var hvort fólk væri félagar í stjórnmalaflokkum, góðgerðar- og hjálparsamtökum, menningar- eða tómsundafélögum og fræða- eða mál-efnafélögum. Um 61 prósent svarenda voru meðlimir í félögum og 33 prósent voru í fleiri en einu. Flestir sögðust eiga félagsaðild að góðgerðar- og hjálparsamtökum eða um 35 prósent, í stjórnmalaflokkum voru 17 prósent, í menningar- eða tómsundafélögum 29 prósent, en fæstir í fræða og mál-efnafélögum eða 15 prósent.

Niðurstöður rannsókna á félagsaðild héraendis benda því til þess að hún sé mjög mikil. Aftur á móti segja þessar niðurstöður okkur ekkert um hve margir vinna sjálfbodastarf fyrir frjáls félagasamtök.

Í rannsókn Steinunnar Hrafnadóttur (2005) á þátttöku fólks í sjálfbodaliðastarfi og viðhorfum þess til slíkra starfa kemur fram að 40,3 prósent þátttakenda sagðist hafa unnið sjálfbodastarf á síðastliðnum 12 mánuðum. Að meðaltali stunduðu þátttakendur sjálfbodastörf í 215 klukkustundir á ári. Karlar vinna að meðaltali 249 klukkustundir á ári og konur 178 klukkustundir. Á töflu 1 má sjá fyrir hvers konar samtök sjálfbodaliðarnir unnu.

Eins og sjá má á töflu 1 vinnur fólk sjálfbodastörf fyrir ýmiss konar samtök. Algengast er að sinna sjálfbodastarfi fyrir íþróttafélög, foreldrafélög og góðgerðar- og líknarfélög. Ef tölurnar fyrir góðgerðar- og líknarfélög og samtök sjúklinga og aðstandenda eru lagðar saman þá eru það 15,2 prósent sem vinna sjálfbodastarf fyrir slík samtök. Þessi samtök teljast til þess sem oft er kallað hinn félagslegi sjálfbodageiri. Einnig er spurning hvort sumt af því starfi sem fer fram innan kirkju og trúfélaga flokkist undir góðgerðar- og líknarstörf. Í eldri rannsóknnum svo sem í Evrópsku lífsgildarannsókninni frá 1999 sem Ísland tók þátt í var spurt um þátttöku í sjálfbodaliðastörfum. Þar kom fram að tæplega 37 prósent íslenskra þátttakenda sagðist vinna ólaunað sjálfbodastarf fyrir ýmiss konar frjáls félagasamtök. Algengast var að vinna fyrir íþrótt- og tómsundafélög og því næst góðgerðar- og líknarfélög (Halman, 2000; Félagsvísindastofnun, munnleg heimild 8. ágúst, 2005). Niðurstöður á hinum Norðurlöndunum voru svipaðar, þó má nefna að í Svíþjóð var algengast að vinna fyrir kirkjuna og trúarsamtök og því næst íþrótt- og tómsundasamtök og í Danmörku var næst algengast að vinna fyrir áhugahópa um menningu, listir og skólamál (Halman, 2000). Þessar niðurstöður eru einnig hliðstæðar við alþjóðlega samanburðarrannsókn á frjáls félagasamtökum og sjálfbodastarfi á vegum *John Hopkins Center for Civil Society*, en öll Norðurlöndin fyrir utan Ísland tóku þátt í þeim rannsóknnum (Salamon, Sokolowski og Anheier, 2000). Einnig má nefna rannsókn Gaskin og Smith (1995) á sjálfbodastörfum í 10 löndum þar á meðal Danmörku og Svíþjóð. Þar kom fram að flestir þátttakenda frá Danmörku og Svíþjóð unnu sjálfbodastörf fyrir íþrótt- og tómsundafélög og því næst á sviði félagslegrar velferðar og heilbrigðismála. Okkur virðist því svipa til hinna Norðurlandanna varðandi umfang sjálfbodastarfa og fyrir hvers konar samtök er unnið. Þó er vert að benda á að framkvæmd rannsókna, hugtakanotkun og skilgreiningar á sjálfbodastörfum geta verið



með mismunandi hætti í löndunum. Þrátt fyrir þessa annmarka ætti að vera unnt að draga ályktanir af því heildarmynstri sem fram kemur í niðurstöðum alþjóðarannsóknna.

Enda þótt fáar rannsóknir hafi verið gerðar hérlandis á frjálsum félagasamtökum og sjálfbodastörfum, bendir margt til þess að þær skipi veigamikinn sess í velferðarþjónustu á Íslandi. Ljóst er að Íslendingum svipar um margt til Norðurlandanna í skipan, viðhorfum og umfangi þessa málaflokks, enda virðast niðurstöður rannsókna benda til þess. Þótt sennilegt sé að sjálfbodastörf hér á landi hafi sín séreinkenni sem séu samofin sögu okkar og samfélagi.

## Lokaorð

Hér að framan hefur verið fjallað um skilgreiningar, sögu, þróun rannsókna, umfang, hlutverk og framlag frjálsra félagasamtaka og sjálfbodaliða. Fjallað var um hlut Íslands og hversu lítið mótað þetta þekkingar- og rannsóknarsvið er hérlandis. Ennfremur var rætt um upphaf rannsókna í félagsráðgjöf á þessu sviði og hvernig rannsóknir og kennsla eru tengd þeirri fræðigrein í dag.

Framlag frjálsra félagasamtaka hefur verið mikið í mannúðar- og menningarmálum um allan heim. Hins vegar hafa rannsóknir og vísindaleg þekking ekki skipað verðugan sess fyrr en á síðustu áratugum. Erlendis hefur þetta svið verið í örri þróun. Það var þó ekki fyrr en um miðja síðustu öld, og aðeins síðustu tvo áratugin á Norðurlöndum, sem sjálfbodastörf hafa orðið vísindalegt viðfangsefni.

Á Íslandi er erfitt að gera sér grein fyrir umfangi, eðli og hlutverki sjálfbodastarfa, þar sem þekkingar- og rannsóknarsviðið er nokkuð ómótað. Lítil sem engin stefnumótun er af hálfu stjórnvalda um samvinnu og hlut frjálsra félagasamtaka og sjálfbodaliða og skortur er á tölulegum upplýsingum. Þrátt fyrir að rannsóknir og þekkingarmyndun séu af skornum skammti má leiða líkur að því eins og nefnt hefur verið hér að framan að sjálfbodageirinn sé þjóðhagslega mikilvægur hérlandis og tengist ríkjandi velferðarstefnu. Þær rannsóknir

sem verið er að vinna að um þessar mundir tengjast félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Meðal annars er unnið að viðamikilli rannsókn á stöðu, umfangi og sögu sjálfbodastarfa hérlandis, en um hluta þeirra niðurstaðna var fjallað hér að framan. Ennfremur hefur félagsráðgjöf tekið þátt í rannsóknaverkefni um stöðu sjálfbodastarannsóknna á Norðurlöndum. Rannsóknaverkefni þetta er styrkt af norrænu ráðherranefndinni og munu niðurstöður verða birtar árið 2006. Þær rannsóknir sem verið er að vinna að munu efla grunnþekkingu á íslenskum sjálfbodasamtökum og þátttöku sjálfbodaliða. Einnig mun verða unnt að nota niðurstöðurnar við stefnumótun og samvinnu á sviðinu. Vonast er til að með auknum rannsóknum og kennslu muni frjáls félagasamtök skipa þann sess sem þeim ber á Íslandi.

## Heimildaskrá

- Anheier, H. (2003, December). *The Third Sector. Comparative perspectives and policy reflections*. Paper for conference on solidarity, Berlin.
- Áslaug Björgvinsdóttir. (1999). *Félagaréttur*. Ritróð, 1. Reykjavík: Orator.
- Ásthildur Bernharðsdóttir. (2002). *Jarðskjálftar á Suðurlandi 17. og 21. júní 2001*. Reykjavík: Almannafræðingur ríkisins.
- Blennerberg, E. (1993). *Begrepp och modeller. Frivilligt socialt arbete. Kartlaggning och kunskapsöversikt. Rapport av socialtjänkommittén. SOU*. Stockholm: Socialdepartementet.
- Björg Einarsdóttir. (2002). *Hringurinn í Reykjavík: stofnaður 1904: Starfs saga*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Bundesen, P., Henriksen, L.S. og Jørgensen, A. (2001). *Filantropi, selvhjælp og interesseorganisering. Frivillige organisationer i dansk socialpolitik 1849-1990'erne*. Odense: Odense universitetsforlag.

- Cardoso, F.H. (2003). *Civil society and global governance*. High level panel on uncivil society. Civil Society and Global Governance.
- Communication from the Commission on promoting the role of voluntary organizations and foundations in Europe (2004). Brussel: European Commission.
- Eikaas, M. (2001). New Public Management og restruktureringen av de nordiske velferdsstatene. Endrede roller og relasjoner for de frivillige organisasjonene? í Hendriksen, L.S. og Ibsen, B. (Ritstj.) *Frivillighedens udfordringer. Nordisk forskning om frivilligt arbejde og frivillige organisationer*. Odense: Center for frivilligt socialt arbejde og Odense Universitets forlag.
- Erna Indriðadóttir. (2001, júní). *Einkarekin menning*. Möguleikar eða draumórar. Þjóðhátíðarmálþing á vegum ReykjavíkurAkademíunnar.
- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (1999). *Lífsgildi: Félagslíf. Samanburður 1985, 1990, 1999 og bakgrunnsgreining fyrir árið 1999*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.
- Gaskin, K. og Smith, J.D. (1995). *A New civic Europe? A study of the extent and role of volunteering*. London: Volunteer Centre.
- Guðmundur Jónsson. (2001). Agents and institutions in the creation of the Icelandic welfare state, 1880-1946. Í Christensen, H.R., Lundberg, U. og Petersen, K. (Ritstj.) *Frihed, lighed og tryghed. Velfærdspolitik i Norden, 48*, Aarhus: Jysk Selskap for Historie.
- Guðný Eydal, Ingibjörg Broddadóttir, Sigurveig H. Sigurðardóttir og Steinunn Hrafnadóttir. (1997). The Development of local authority social services in Iceland. Í J. Sipilä, (Ritstj.), *Social care services: The key to the Scandinavian welfare model* (bls. 51-77) Aldershot: Avebury.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2001). *Staðbundin stjórnmál*. Markmið og árangur sveitarfélaga. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Habermann, U. (2001). En postmodern helgen? Om motiver til frivillighed. Óbirt doktorsritgerð. Lund: Socialhögskolan Lunds Universitet.
- Halman, L. (2001) *The European values study: A sourcebook based on the 1999/2000 European values study surveys*. Tilburg: University Press.
- Hall, M. og Banting, K.G. (2000). The Non-profit sector in Canada: An Introduction. Í K. Banting, (Ritstj.), *The Non-profit sector in Canada: Roles and relationships* (bls. 1-28). Kingston: School of Policy Studies.
- Handbook on non-profit institutions in the system of national accounts* (2003). Department of Economic and Social Affairs. Statistics Division. Studies in Methods. Series F., 91. New York: United Nations.
- Henriksen, L.S. og Ibsen, B. (Ritstj.), *Frivillighedens udfordringer. Nordisk forskning om frivilligt arbejde og frivillige organisationer. Center for frivilligt socialt arbejde*. Odense Universitetsforlag.
- Huldís S. Haraldsdóttir. (1995). *Hlutverk sjálfbodaðastarfs í þágu félagslegrar velferðar*. Óbirt BA ritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

- Íslensk orðabók. (2002). Mörður Árnason (Ritstj.) (3. útgáfa). Reykjavík: Edda.
- Jónas Guðmundsson. (2004). *Skattaumhverfi félagasamtaka á Íslandi og í öðrum löndum með sérstöku tilliti til góðgerðarsamtaka*. Reykjavík: Samvinnuhópur ABC-barnahjálpar, Barnaheilla, Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða kross Íslands og SOS-barnaþorpa.
- Kendall, J. og Knapp, M. (1995). A loose and baggy monster: boundaries, definitions and typologies. Í J.D. Smith, C. Rochester og R. Hedley (Ritstj.), *An Introduction to the voluntary sector* (bls. 66-95). London: Routledge.
- Lundström, T. & Wijkström, F. (1997). *The nonprofit sector in Sweden*. *John Hopkins nonprofit sector series*. Manchester and New York: Manchester University Press.
- Lög um fyrirtækjaskrá nr. 62/1969*. Reykjavík: Fjármálaráðuneytið.
- Nanna K. Sigurðardóttir. (1991). *Félagsráðgjafarstarfið. Félagssráðgjöf á Íslandi : 1964-1989*, afmælisrit. Erindi flutt á námsstefnu sem haldin var í tilefni 25 ára afmælis SÍF á Akureyri 26.-27. október 1989. Reykjavík: Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa.
- The Non-profit sector in a changing economy* (2003). París: OECD.
- Margrét Guðmundsdóttir. (1995). *Aldarspor*. Reykjavík: Hvítabandið.
- Margrét Guðmundsdóttir. (2000). *Saga Rauða kross Íslands 1924-1999*. Reykjavík: Mál og mynd.
- Menntamálaráðuneytið. (2003). *Úttekt á stöðu félags- og tómsundamála ungs fólks á Íslandi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Orðabók Háskólans. (e.d.). Sótt 21. september af <http://www.lexis.hi.is/cgi-bin/ritmal/leitord.cgi?adg=innsl>.
- Salamon, L. (2001). *The Third sector and volunteering in global perspective. Presentation at the 17th annual International Association of Volunteer Effort conference*. Amsterdam, The Netherlands. January 15.
- Salamon, L.M. og Anheier, H.K. (1996). *The emerging nonprofit sector. An overview*. *Johns Hopkins nonprofit sector series*. Manchester and New York: Manchester University Press.
- Salamon, L.M., Anheier, H.K., List, R., Toepler, S., Sokolowski, W.S. ofl. (1999). *Global civil society. Dimensions of the nonprofit sector*. Baltimore: The Johns Hopkins Center for Civil Society Studies.
- Salamon, L.M., Sokolowski, S.W. og Anheier, H.K. (2000). *Social origins of civil society: An overview. Working papers of the Johns Hopkins Comparative Nonprofit Sector Project, 38*. Baltimore: The John Hopkins Center for Civils Society Studies.
- Salamon, L.M., & Sokolowski, S.W. (2001). *Volunteering in cross-national perspective: Evidence from 24 countries*. (Working Papers of the Johns Hopkins Comparative Nonprofit Sector Project, 40). Baltimore: The Johns Hopkins Center for Civil Society Studies.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1999). Frivilligt arbete i Island. Humanism, Voluntarism, Professionalism. *Frivilligt arbete, forskning och förmedling - en nordisk konferens i Reykjavik augusti 1998*. NOPUS-rapport, 13. Göteborg: Sverige.

- Sigrún Júlíusdóttir og Sigurveig H. Sigurðardóttir. (1997). *Hvers vegna sjálfböðastörf? Um sjálfböðastarf, félagsmálastefnu og félagsráðgjöf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2003). Tengsl sjálfböðasamtaka og opinberra aðila í velferðarþjónustu. Í Friðrik H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV* (bls. 235-243). Reykjavík: Háskólaútgáfan: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2004a). *The Mosaic of gender. The Working environment of Icelandic social service managers*. Reykjavík: Icelandic University Press.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2004b). Rannsókn á framlagi og efnahagslegu mikilvægi sjálfböðastarfa. Í Úlfar Hauksson (Ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum V* (bls. 361-371). Reykjavík: Háskólaútgáfan: Félagsvísindastofnun Íslands.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2005, apríl). *The Icelandic voluntary sector: Development and research*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnunni Concepts of the third-sector, The European debate. Civil society, voluntary organizations, social and solidarity-based economy.
- Steinunn Hrafnisdóttir. (2005). Sjálfböðaliðastarf á Íslandi. Í F.H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 221-229). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Félagsvísindastofnun Íslands. (Í prentun).
- Sveinn Ragnarsson. (1999, nóvember). *Sögulegt yfirlit félagsþjónustu*. Erindi á ráðstefnunni Félagsþjónusta á nýrri öld. Viðhorf, ábyrgð, framtíðarsýn.
- Udvalget om frivilligt socialt arbejde (1997). *Frivilligt socialt arbejde i fremtidens velfærdssamfund*. København: Socialministeriet.
- Wijkström, F. og Lundström, T. (2002). *Den ideella sektorn. Organisationerna i det civila samhället*. Stockholm: Söber Forlag.